

Kæru þingfulltrúar, þingmenn og aðrir gestir.

Mig langar til að byrja á því að óska okkur til hamingju með nýafstaðið skólaþing. Eftir umræðu um skólamál á síðasta Fjórðungsþingi, var samþykkt ályktun um að efna til skólamálaráðstefnu þar sem áhugafólk um bætt skólastarf kæmi saman og færi yfir málin og skerpti hnífana, ef svo má að orði komast. Lagt var upp með að fá fram umræðu um og gera áætlanir um það hvernig hægt er að efla skólana okkar, þannig að við getum með stolti og sanni sagt að þeir séu í fremstu röð. Öllum er ljóst að það þarf samræmt átak og skilning meðal allra sem eiga hlut að máli til að vinna að þessum metnaðarfullu markmiðum okkar og þar ætla sveitarstjórnarmenn ekki að láta sitt eftir liggja. Skynsamlegt er og gott að samtalið og sameiginlegur skilningur á málefnum sé á sameiginlegum vettvangi skólafólks og sveitarstjórnarstigsins.

Nú erum við saman komin hér enn og aftur á okkar ágæta vettvangi. Rétt um sléttu ári frá því að síðasta Fjórðungsþing var haldið á Þingeyri, 3. og 4. okt. 2014.

Á því þingi var kosin ný stjórn Fjórðungssambandsins og nýr formaður eftir farsæla formannssetu Albertínu Elíasdóttur í 4 ár. Fyrsta verkefni nýs formanns var að sitja fjármálaráðstefnu með framkvæmdastjóra FV, en á ráðstefnunni voru formaður og framkvæmdastjóri með erindi um áskoranir sveitarfélaga og sveitarstjórnarstigsins varðandi uppbyggingu fiskeldis sem sem nýrrar atvinnugreinar. Ennfremur var fundað á vettvangi landshlutasamtaka sveitarfélaga og með stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Fjórðungssambandsins var haldinn skömmu síðar og fengu nýir stjórnarmenn yfirferð frá starfsmönnum um helstu verkefni og kynningu á helstu málum. Baldur Smári Einarsson, bæjarfulltrúi í Bolungarvík var kjörinn varaformaður, en rétt er að geta þess að hann hefur nú nýverið óskað eftir leyfi frá störfum tímabundið í eitt ár og hefur Pétur Markan sveitarstjóri í Súðavíkurbæ tekið sæti hans í stjórninni. Sigurður Hreinsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ var valinn af stjórn til að sitja í samgöngunefnd Fjórðungssambandsins og gegnir þá jafnframt formennsku í þeirri nefnd samkvæmt starfsreglum stjórnar, en lagt er til að sú hefð verði fest betur í sessi með breytingum á samþykktum sem lagðar eru til á þessu þingi. Aðrir í stjórn eru Ingibjörg Emilsdóttir, bæjarfulltrúi í Strandabyggð og Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæ.

Framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins kynnti nýkjörnum formanni á þessum fyrsta fundi að það væri komið að Fjórðungssambandinu að halda utan um

formennsku í landshlutasamtökum sveitarfélaga, en þar skipta landshlutasamtökin með sér formennskunni árlega. Landshlutasamtökin eru átta talsins og hefur samstarf þeirra farið vaxandi á síðustu árum, s.s. um sóknaráætlun landshluta, almenningsamgöngur og samstarf á sveitarstjórnarvettvangi EFTA.

Fyrsta starfsár nýrrar stjórnar fór vel af stað, fjórir fundir voru haldnir haustið 2014, en stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Ný stjórn stillti saman strengi sína með því að fara yfir mismunandi ályktanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum um staðsetningu sýslumannsembættisins og rökræða málin af mikilli ákefð, en að lokum var komist að þeirri niðurstöðu að FV myndi ekki álykta um staðsetningu, en sendi frá sér almennari ályktun er laut að gagnrýni á útfærslu verkefnisins og skorti á fjármagni til að tryggja löglærða fulltrúa á starfsstöðvum.

Drjúgur tími fór í að ræða sóknaráætlun, bæði eldri áætlun og skil á þeim verkefnum er henni tengdust, en að auki upplegg í þá nýju og tilvistarkreppuna sem málið hafði verið í til skamms tíma sem og vegna vanfjármögnunar verkefnisins, sem enn hefur ekki verið leyst. Engu að síður var ákveðið að undirrita samning um nýja sóknaráætlun landshluta og fóru formaður og framkvæmdastjóri í ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu þann 10. febrúar og undirritaði formaður FV samninginn að viðstöddum ráðherrum mennta- og menningarmála, og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem og öðrum forsvarsmönnum landshlutasamtaka.

Fundir stjórnar árið 2015 hafa verið 10 talsins, undirbúningsvinna, skýrslugerð, fundir og yfirlega vegna sóknaráætlunar hefur verið mikil og að auki breyting á menningar- og vaxtarsamningum yfir í uppbyggingarsjóð landshlutans sem núna er beintengdur við Sóknaráætlun landshlutans og fjármunum sem áður tengdust menningarsamningi og vaxtarsamningi er nú beint í þann farveg. Starfsmenn FV og Atvest höfðu veg og vanda af undirbúningi nýs sjóðs, en gera þurfti nýjar úthlutunarreglur, umsóknareyðublöð og vinna með nýrri úthlutunarsjórn og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir mikla og góða vinnu við undirbúning þessara mála. Að þessu sinni valdi stjórn nýja úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs með því að leita að hluta til, til þeirra sem skipað höfðu stjórn vaxtarsamnings og menningarsamnings. Fyrir hönd stjórnar FV vil ég þakka fráfarandi stjórnnum og núverandi úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs fyrir vel unnin störf. Fyrir þinginu liggur að staðfesta núverandi úthlutunarnefnd eða gera breytingar og fylla í

skörð eftir því sem við á, en einnig verður það hlutverk þingsins að tilnefna varamenn í úthlutunarnefndina.

Í haust tók svo loks til starfa samráðsvettvangur vegna sóknaráætlunar eftir erfiða fæðingu, en það virtist taka töluvert á sum sveitarfélögin að ná að tilnefna fulltrúa. Tillögur að áhersluverkefnum í sóknaráætlun voru svo lagðar fyrir þann vettvang nú í haust á fjölmennum fundi sem haldinn var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Skýrsla samgöngunefndar liggur fyrir þinginu og þar er farið yfir helstu verkefni nefndarinnar á starfsárinu og hvernig okkur miðar áfram, svo ég mun ekki fara nánar í það hér.

Málefni fatlaðs fólks hafa verið stór hluti af vinnu stjórnar Fjórðungssambandsins, sem skipar einnig stjórn Bsvest. En þar hefur verkefnastjóri BSVest unnið mikið og gott starf við að sýna fram á að málaflökkurinn er stórlega vanfjármagnaður og nú er svo komið að sveitarfélög víða um land hafa í auknum mæli komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði lengur við unað. Verði fjármögnunin ekki leiðrétt verði málaflökknum skilað aftur til ríkisins, svo einfalt er það. En það er kannski ekki svo einfalt eða hvað? Við munum fá kynningu hér síðar í dag frá sérfræðingi Jöfnunarsjóðs, Guðna Geir Einarssyni og Sigurði P. Sigmundssyni, ráðgjafa hjá R3 og notum svo kvöldið til að melta þessi mál, því á dagskrá þingsins á morgun er ætluð umræða í þennan málaflökk og þar liggur meðal annars fyrir að leggja til breytingar á fyrirkomulagi stjórnar þar sem stuðst er við ábendingar úr skýrslu Capacent sem gerð var fyrir stjórn BSVest haustið 2012.

Á dagskrá þingsins eru einnig breytingar á samþykktum sem sumar hafa legið í loftinu allt frá starfstíma síðustu stjórnar. En breytingarnar felast fyrst og fremst í því að auka aðkomu þeirra sem stjórna sveitarfélögunum okkar frá degi til dags að viðfangsefnum FV. Auk þess er verið leggja til að við skiptum fjórðungsþingi í tvennt, þannig að fundað verði um ársskýrslur að vori, en áherslumál og stefnumótun að hausti að fyrirmynd nágranna okkar á Vesturlandi.

Nýverið staðfesti stjórn tillögu um að ganga til samninga við Atvest um áframhaldandi samstarf á sviði atvinnu- og byggðapróunar á grundvelli þjónustusamnings við félagið. Er hér um að ræða endurnýjun samnings sem rann út á síðustu áramótum, gert er ráð fyrir að nýr samningur gildi til ársloka 2017. Samningurinn er í takti við efni og gildistíma samnings FV við Byggðastofnun.

Ég hef nú tæpt á stærstu viðfangsefnum stjórnarinnar, ýmislegt stendur væntanlega útaf, en það eru mörg verkefni sem rata á borð framkvæmdastjórans á degi hverjum og því vil ég nota tækifærið til að þakka honum Aðalsteini fyrir vel unnin störf. „Það ættu allir að eiga einn Aðalstein“, segja kollegar mínir í hinum landshlutasamtökunum gjarna.

En innri málefni FV eru ekki síður mikilvæg og hefur framkvæmdastjóri unnið að því undanfarið með stuðningi stjórnar að skerpa á starfsmannamálum, og teljum við það að sjálfsögðu verða Fjórðungssambandinu til heilla, enda algjört skilyrði fyrir framgangi stefnumótunar okkar og áhersluverkefna að hafa á að skipa framúrskarandi starfsfólki. Starfsemi Fjórðungssambandsins hefur enda aukist og er orðin öflugri eining eftir sameiningu markaðsstofu og menningarráðs við FV, auk þeirra nýju verkefna sem sambandið hefur tekið sér, sóknaráætlun, umhverfissvottun og almenningsamgöngur.

Til hamingju kæru sveitarstjórnarmenn með að vera enn og aftur saman komin hér á glæsilegu þingi. Nú látum við hendur standa fram úr ermum og vinnum saman að því að leggja drög að því að auka búsæld og hag Vestfirðinga allra.